

## **1 Gerð viðbragðsáætlunar**

Það er mikilvægt að öllum þeim sem koma að gerð séraáætlunar sé ljóst það vinnuferli sem þar er viðhaft. Það er gott að í upphafi vinnu sé boðað til fundar með öllum viðbragðsaðilum þar sem ferlið er kynnt.

### **1.1 Lykiltengiliður - stýrihópur**

Fyrsta sem þar að gera ákveða lykiltengilið sem er einskona verkefnastjóri heimamanna. Með honum er skipaðir tveir aðrir í stýrihóp. Þessir aðilar eru oftast frá lögreglu, slökkviliði og svæðisstjórn björgunarsveira (fer eftir áætluninni sem verið er að vinna). Stýrihópurinn heldur utan um verkefni heimamanna og leiðir þá vinnu sem kallar á aðkomu margra viðbragðsaðila í héraði t.d. skilgreiningar á bak við stigskiptingu, ákveða starfssvæði ofl. slíkt. Stýrihópurinn hefur einnig það hlutverk að tryggja aðkomu allra sem hlutverk hafa í áætluninni og að öll gögn skili sér á réttum tíma. Stýrihópurinn kallar fulltrúa frá helstu lykilaðilum í áætluninni saman þegar drög eru lögð fram til yfirlstrar.

#### **1.1.1 Vinnuhópur**

Í einhverjum tilvikum kann að vera skinsamlegt að skipa vinnuhópa um einstök verkefni sem tengjast gerð viðbragðsáætlunar. Í viðkomandi vinnuhóp eru fulltrúar þeirra sem koma að því verkefni sem verið er að skoða hverju sinni.

### **1.2 Gera fyrstu drög**

Til er módel af séráætlun og í mörgum tilvikum er búið að forvinna mikið af þeim texta sem þar þarf að vera. Þetta módel þarf að staðfæra að aðstæðum á hverjum stað og þeirri vá sem áætlunin tekur á. Mest af þeim upplýsingum þarf að safna í héraði en annað kemur frá almannavarnadeild RLS eða öðrum samstarfsaðilum utan héraðs. Mikið af þessum upplýsingum er þegar til.

Þegar búið er að vinna fyrstu drög þarf stýrihópurinn að hittast og lesa þau saman yfir og fara með þau til sinna eininga til að fá sem bestar athugasemdir.

Þegar athugasemdir hafa skilað sér þarf stýrihópurinn að fara yfir þær og breyta fyrstu drögum í samræmi við þær. Því næst þarf að senda drög tvö út til fulltrúa viðbragðsaðila.

Eftir fund vinnuhópsins er drögum tvö dreift og gefnar tvær vikur til að gera athugasemdir.

### **1.3 Lokadrög**

Eftir að athugasemdir hafa borist við önnur drög útbýr stýrihópurinn lokadrög sem lögð eru fram á fundi með fulltrúum viðbragðsaðila.

#### **1.3.1 Vika til að skoða**

Eftir að lokadrög eru lögð fram er gott að gefa tvær vikur til skoðunar á þeim. Eftir það ætti að vera tilbúin séráætlun til að æfa eftir.

### **1.4 Drög sem æft verður eftir.**

Þau drög sem æft er eftir eru oft kölluð útgáfa 1.0. Þau þurfa að vera tilbúin 2 vikum fyrir æfingu til að allir geti kynnt sér þau og gert sína gátlista í samræmi við þau verkefni sme þeim eru ætluð.

## 2 Módel

Módel það sem gert hefur verið og notað er við gerð séráætlana er byggt upp á 12 köflum. Mikilvægt er að allt það sem fjalla á um í séráætlun rúmist innan þessara 12 kafla.

### 2.1 Inngangur

#### 2.1.1 Vísun í lög og forsendur áætlunar

Þar er notaður texti til að útskýra tilkomu og forsendur séráætlunarinnar

#### 2.1.2 Undirritun

Undir séráætlanir rita nafn sitt til staðfestingar gildistöku; Lögreglustjóri umdæmisins, formaður almannavarnanefndarinnar og ríkislögreglustjóri.

### 2.2 Staðhættir

#### 2.2.1 Aðstæður á flugvelli ofl

Í þessum kafla eru t.d. fjallað um flugumferð á flugvöllum. Hversu stórar flugvélar nota hann, hvernig er aðflug og tíðni hreyfinga.

### 2.3 Skilgreiningar

#### 2.3.1 Stigskipting

Á öllum flugvöllum nema í Reykjavík og Keflavík eru flugslysaáætlanir virkjaðar óháðar umfangi atburðar. Ástæða þess er að þetta eru sjaldgæfir atburðir og það kallar á misjafnt mat og hættu á að ekki sé nóg gert ef reynt er að skilgreina þetta.

Áætlanir eru virkjaðar á Viðbúnaðar-, Hættu- eða Neyðarstigi. Einnig er sérstök virkjun ef flugvél fer í sjó eða vatn. Viðbrögð allra eru skilgreind á þeim stigum sem þeir hafa hlutverk.

#### 2.3.2 Hver virkjar

Ljóst þarf að vera hver hefur heimild til að virkja áætlunina. Þetta er t.d. flugturn, flugustjórnarmiðstöð, lögreglan og Almannavarnadeild RLS

#### 2.3.3 Hver boðar og afboðar

Neyðarlínan boðar og afboðar eftir þeim skilgreiningum og upplýsingum sem settar eru fram í áætluninni.

### 2.4 Boðun

#### Hverja á að boða á hverju stigi

Þegar ljóst er hverjir hafa hlutverk á hvaða stigi (viðbúnaðar-hættu og neyðarstigi) er gerð svokölluð boðunaráætlun hjá Neyðarlínu. Hver viðbragðsaðili er ábyrgur fyrir því að upplýsingar séu réttar í gagnagrunni Neyðarlínunnar. Ef boða á óhefðbundna aðila t.d. sendibíla þá þarf stýrihópurinn að safna tilgreindum upplýsingum og koma þeim til Neyðarlínu.

## **2.5 Stjórnkerfi**

Stjórnun neyðaraðgerða samkvæmt séráætlunum er byggt á SÁBF kerfinu.

Búið er að skilgreina þá stjórnendur sem þarf að skipa í flugslysum en mikilvægt er að ákveðinni starfseiningu sé falið að mana hvern póst.

### **2.5.1 Verkpáttastjórar**

Verkpáttastjórnarnir eru fjórir. Þeir eru Björgunarstjóri, Aðhlyningarstjóri, Gæslustjóri og Flutningastjóri. Misjafnt er eftir umdæmum hvaða starfseiningum er falið að sjá um hvaða póst en þó má leiða líkum að Björgunarstjóri komi úr röðum slökkviliðsmanna, Aðhlyningarstjóri frá heilbrigðisstofnun, Gæslustjóri frá lögreglunni og Flutningastjóri frá svæðisstjórn björgunarsveita. Þetta er þó ekki bindandi og eins og áður sagði þarf að miðast við aðstöðu í hverju umdæmi.

### **2.5.2 Vettvangsstjórn**

Vettvangsstjórn er skipuð a.m.k. einum manni þ.e. Vettvangsstjóra. Oftast er þó um þriggja manna hóp eða stærri að ræða. Allt eftir aðstæðum og umfangi atburða.

### **2.5.3 Aðgerðarstjórn**

Aðgerðarstjórn er skipuð fulltrúum allra viðbragðsaðila í umdæminu.

### **2.5.4 Samhæfingarstöðin (SST)**

SST hefur það meginhlutverk að styðja við þær aðgerðir sem unnar eru í umdæminu þ.e. vera bakland Aðgerðarstjórnar. Þegar kemur að flutningi slasaðra úr umdæminu er það undir stjórn SST þar sem fulltrúar Landlæknis sitja og hafa með þau mál að gera.

### **2.5.5 Samskipti við fjölmiðla**

Í áætluninni þarf að vera skýrt hvernig samskiptum við fjölmiðla verði háttað

## **2.6 Starfssvæði**

Skilgreina þarf þau starfssvæði sem virkja þarf.

### **2.6.1 Móttaka**

Hvar eiga Bjargir að tilkynna sig inn í aðgerð og hvar eiga þær að mæta.

### **2.6.2 Biðsvæði**

Hvar eiga Bjargir að bíða verkefna

### **2.6.3 Söfnunarsvæði**

Ákveða þar hvar söfnunarsvæði þolenda eiga að vera

### **2.6.4 Lokanir**

Að einhverju marki er hægt að ákveða hvar lokanir verða settar upp.

## **2.6.5 Talningar**

Eitt af mikilvægustu upplýsingum stjórnenda er staða þolenda á hverjum tíma. Því hefur verið skilgreint kerfi til að halda utan um þær upplýsingar. Ákveða þar hver ber ábyrgð og hverji sjá um talningar á hvaða stöðum.

## **2.7 Sjór-vatn**

Ef hættu er á að flugvél lendi í sjó eða í vatni í aðflugi þarf að gera sérstaka áætlun um hvernig verði brugðist við því. Að mestu er byggt á sama skipulagi en þó bætast við nýir þættirþ

## **2.8 Verkefni viðbragðsaðila**

### **2.8.1 Verkefni allra sem hafa hlutverk**

Áttundi kafli áætlunarinnar er aðal „kjötið“ þar eru hlutverk, fyrstu verkefni og staða allra í stjórnkerfinu skilgreind.

## **2.9 Fjarskipti**

Fjarskiptaskipulag þarf að vera einfalt og skiljanlegt. Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra hefur það hlutverk að samræma fjarskiptaskipulög í séráætlunum.

## **2.10 Kort**

Í áætluninni þurfa að vera reitaskipt kort til að hægt sé á einfaldan hátt að vísa á slysstað. Þessi kort þurfa að vera í fleiri en einni stærð þ.e. þurfa að ná yfir stórt svæði og einnig að vera nákvæmari að næsta nágrenni flugvallarins.

## **2.11 Dreifingarlisti**

Lista þarf upp hverjir fá prentað eintak af áætluninni. Rafrænt eintak er síðar einnig vistað á vef almannavarnadeildarinnar þar sem það er aðgengilegt öllum.

## **2.12 Breytingarsaga**

Að lokum þarf að halda utan um allar breytingar sem gerðar eru frá útgáfu með markvissum hætti og færa þær inn.